

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.

Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.

Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

5. Norðurlandskjördæmi vestra.

Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

6. Norðurlandskjördæmi eystra.

Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Pingeyjarsýsla.

7. Austurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

8. Suðurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Pingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurbjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

- b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverja kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.
- c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

1. júní 1984

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag.